

# Á GLÖTUNARVEGI

## I

Ýmsum framúrskarandi rithöfundum kemur saman um, að mannkynið sé nú á glötunarvegi. Og víst er um það, að mjög illa horfir um sjálfstæði smáþjóða, ef svo fer fíam, sem nú horfir. En það þarf ekki að vita mikið um sögu menningarinnar til að skilja, að það væri ekki heillavænlegt fyrir framtíð mannkynsins, ef smáþjóðirnar liðu undir lok. En til þess að koma í veg fyrir að svo fari, þarf ekkert minna en það, að hjá smáþjóð komi fram eitthvað það, er svo sé mikilsvert, að án þess yrði framtíð mannkynsins ekki bjargað.

Nú er það býsna eftirtektarvert, að um íslensku þjóðina hefir því verið spáð, að svo muni verða einmitt hér á landi. Og ég þykist ekki vita neitt með meiri vissu en það, að vísir til sliks er hér þegar fram kominn. En hvernig hefir honum verið tekið? Svarið má lesa út úr rás viðburðanna. Helstefnan hefir færst mjög í aukana á þessum síðustu tímum, eins og jafnan verður, þegar mjög áriðandi sannleikur hefir komið fram, en ekki verið þeginn.

## II

Það skiptir mjög í tvö horn um framtíð Íslands, hvort þjóðin ber gæfu til að átta sig á hlutverki sínu eða ekki. Ef illa fer, mun íslenska þjóðin verða liðin undir lok fyrir næstu aldamót. En fögur verður framtíð Íslands, ef oss auðnast að haga oss svo, að hin æðri öfl nái að koma sér við hér. Því að þá mun af íslenskri farsæld lýsa um alla jörð, öllu mannkyni til gagns og gleði.

Júlí, 1940